

LEIKHÚS
KVIKMYNDIR
TÓNLIST
SKEMMTANIR

Líf & fjör



UMSJÓN
Vigdís
Stefánsdóttir

Uppstoppaður hundur

Leikritið Uppstoppaður hundur gerist í smábæ í Svíþjóð og lýsir fjölskyldu- og hundalífi þar.

„Þetta verk, Uppstoppaður hundur, sem frumsýnt verður þann 18. apríl í Lindarbæ, er eitt af þremur verkefnum Nemendaleikhússins í vetur og loka-verkefnið,“ segir Linda Ásgeirsdóttir leikari. „Það gerist í smábæ í Svíþjóð og fjallar um tvær fjölskyldur í sama húsi, önnur fjölskyldan leigir hjá hinnu og ýmslegt gerist í lífi þeirra. Mér finnst eiginlega best að lýsa þessu eins og þetta sé myndalbúm,“ segir Linda enn fremur. „Verkið nær nefnilega yfir mjög langan tíma eða frá árunum 1955-1988 og svipmyndum er



brugðið upp af atburðum er verða í lífi fjölskyldnanna. Svo má ekki gleyma hundunum sem koma fram, þeir leika stóra rollu.“

Höfundur verksins er Staffan Göthe og leikstjóri er Hilmar Jónsson. Verkið hefur fengið góða dóma þar sem það hefur verið sýnt í Svíþjóð.

„Þetta hefur gengið afskaplega vel hjá okkur og við erum endurnærð eftir páskana,“ segir Linda og er rokin á æfingu.

Næstu sýningar á Uppstoppaðum hundum verða 21. og 24. apríl í Lindarbæ.

Þessi fríði hópur tilheyrir Nemendaleikhúsinu sem frumsýnir á laugardaginn leikritið Uppstoppaður hundur.

HELGIN FRAMUNDAN • HVAD ER Í BODI?

Harmoníkuhátið í Glæsibæ

Dansfólk getur svo sannarlega látið að sér kveða á laugardagskvöldið þegar Hátið harmoníkkunnar verður haldin í Glæsibæ.

„Ég er stofnandi Harmoníkufélags Reykjavíkur og ber ábyrgð á þessari hátið,“ segir hinn þekkti harmoníkuleikari Karl Jónatansson. „Því er þannig varið með alla listamenn að þeir þurfa að eiga sér markmið og þessi hátið er okkar markmið, þarna koma fram þeir bestu í harmoníkuleik á Íslandi og stundum höfum við jafnvel fengið útlendinga í lið með okkur líka.“

Á hátiðinni sem hefst kl. 20.30 á laugardagskvöldið verða bæði börn og fullorðnir. „Við erum með mjög efnilega krakka, virkileg hörkutól,“ segir Karl. „Þau eru 9-12 ára og svo koma líka fram unglingar, meðal annars Matthías Kormáksón 15 ára sem ég vil kalla undrabarn, hann er svo flinkur. Á eftir tónleikum barnanna og tónleikum fullorðinna, verður slegið upp hörkuballi og dansað til kl. 03.00 um nóttina. Þarna má búast við miklu fjöri og skemmtilegheitum,“ bætir Karl við.

Allar upplýsingar og miðapantánir eru í sínum 553 4070 og 553 9355.



Harmoníkkutónlist hefur löngum verið vel til þess fallin að vekja upp fjör í fótum þeirra er gaman hafa af dansi.

Teikningar á gleri

Franski listamaðurinn Bernard Moninot er þekktur fyrir finlegar teikningar unnar á gler.

Á laugardag verður opnuð sýning á verkum franska listamannsins Bernard Moninot, en hann kom fyrst fram á sjónarsvið myndlistarinnar árið 1970 og hefur sýnt víða um heim, einkum teikningar.

Teikningar þær sem sýndar

verða á Kjarvalsstöðum eru unnar á gler og pappír, en Moninot hefur einkum vakið athygli fyrir teikningar unnar á gler. Fínleg form birtast í litfleti sem borinn hefur verið á bakhlið glers. Augljóslega má greina tilvist ljóssins, sem birtist á ýmsan máta en kann að virðast þverstæðukennt eða eiga eitthvað skylt við sýndarveruleika.

Sýningin er opin alla daga frá kl. 10-18 og á sunnudögum er almenn leiðsögn á Kjarvalsstöðum.

Verkið Horizon 1990 eftir Bernard Moninot.

